

Ungmennaráð

Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð heyrir beint undir bæjarstjórn/ Fræðslu- og æskulýðsráð. Fræðslu- og æskulýðsráð skipar einn fulltrúa sem starfar með ráðinu. Starfsmaður fjölskyldusviðs starfar með ráðinu.

Ráðið er ráðgefandi um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

Verkefni ráðsins er að vera umræðu og samstarfssvettvangur ungmenna á aldrinum 13 til 25 ára þar sem fjallað er um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

Skipan ráðsins

Ráðið er skipað fimm fulltrúum á aldrinum 13-25 ára og fimm til vara. Þrír fulltrúar skulu valdir af lýðræðislega kjörnum nemendaráðum skólanna og fræðslu- og æskulýðsráð tilnefni tvö fulltrúa. Formaður er skipaður sérstaklega.

Við val á fulltrúum skal leitast við að:

- Kynjahluföll séu sem jöfnust.
- Tveir fulltrúar á aldrinum 13-16 ára komi frá grunnskólunum í Vesturbyggð
- Þrír fulltrúar á aldrinum 16-25 ára, þar af að minnsta kosti einn frá FSN.
- Fulltrúi sitji eigi lengur en tvö ár í ráðinu.

Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri, formaður fræðslu- og æskulýðsráðs og íþrótt- og tómsundarfulltrúi rétt á að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti.

Hlutverk

Ungmennaráð skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu.

Hlutverk ungmennaráðs er:

- að vera bæjarstjórn/ fræðslu- og æskulýðsráði til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks í sveitarfélaginu,
- að koma tillögum og skoðunum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar/fræðslu- og æskulýðsráðs um aðgerðir í forvarnarmálum,
- að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum,
- að hvetja ungt fólk í sveitarfélaginu til lýðræðislegrar þátttöku,
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að fylgjast með því að stofnanir sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi,
- að gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og gegnsærri og auka tengsl fulltrúa ungmenna og sveitarstjórnar,
- Að gera tillögur að þátttöku ungs fólks í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

Starfshættir

Ungmennaráð skal leitast við að halda allt að fjóra fundi á ári. Formaður ungmennaráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt 39. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar.

Ráðið skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða samþykktu um stjórn Vesturbyggðar. Starfsmaður hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur

fundargerðinni til fræðslu-og æskulýðsráðs.

Starfsmaður fjölskyldusviðs í samráði við formann ráðsins sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann sér um boðun funda í samráði við bæjarstjóra eftir atvikum. Fundur í ungmennaráði er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund skv. III. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í ungmennaráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ungmennaráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þótt nefndarmenn láti af störfum.

Fulltrúi í ráðinu skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ungmennaráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.